



**Svalbarðsstrandarhreppur**

Ráðhúsinu Svalbarðseyri

601 Akureyri

[www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

Jón Jónsson  
Jónsstöðum  
601 Akureyri

Svalbarðseyri, 17.03.2016

1407229 EHH

Efni: Grenndarkynning á breytingu vegna Kotabyggð 13.

Á 40. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 2014-2018 þann 10.02.2016 var fjallað um grenndarkynningu í Svalbarðsstrandarhreppi. Bókun sveitarstjórnar var svohljóðandi:

**1407226 – Erindi dags. 08.02.2016 frá Halldóri Jóhannessyni fyrir hönd Veigastaða ehf, en þar kemur fram að lóðarhafi að Kotabyggð 13 hefur óskað eftir því að breyta lóðinni úr frístundalóð yfir í íbúðarhúsalóð.**

**Halldór Jóhannesson vék af fundi undir þessum lið og Inga Árnadóttir tók sæti hans.**

**Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að láta gera grenndarkynningargögn fyrir þessa breytingu á skipulaginu og kynna hana.**

Í 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 segir m.a. um grenndarkynningar:

„Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta leyfisumsókn eða tillögu að breytingu á skipulagsáætlun og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests sem skal vera a.m.k. fjórar vikur. Að þeim fresti liðnum og þegar sveitarstjórn hefur afgreitt málið skal þeim sem tjáðu sig um það tilkynnt niðurstaða sveitarstjórnar. Skipulagsnefnd er heimilt að stytta tímabil grenndarkynningar ef þeir sem hagsmuna eiga að gæta, sbr. 1. mgr., hafa lýst skriflega yfir með áritun sinni á kynningargögn áður en fjórar vikur eru liðnar að þeir geri ekki athugasemdir við skipulagstillöguna eða hina leyfissskyldu framkvæmd“.

Frestur til að skila athugasemdum og ábendingum er 4 vikur frá ætlaðri móttöku þessa bréfs, þ.e. til og með 18. apríl 2016. Litið verður svo á að þeir sem ekki gera athugasemdir séu samþykkir fyrirhugaðri framkvæmd.

Þessi minniháttar breyting á deiliskipulagi Kotabyggðar sést vel á meðflylgjandi skipulagsupprætti.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Svalbarðsstrandarhrepps í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri eða í síma 464 5500 á opnunartíma skrifstofunnar, virka daga kl. 10-12 og 13-15. Fyrirspurnir má einnig senda á netfangið [postur@svalbardsstrond.is](mailto:postur@svalbardsstrond.is). Nánari upplýsingar er að finna á vefslóðinni.

<http://www.svalbardsstrond.is/is/skipulag/grenndarkynning>



## Svalbarðsstrandarhreppur

Ráðhúsinu Svalbarðseyri

601 Akureyri

[www.svalbardsstrond.is](http://www.svalbardsstrond.is)

Virðingarfyllst,

---

Eiríkur H. Hauksson  
Sveitarstjóri

### **Yfirlýsing hagsmunaaðila:**

Ég, undirrituð, lýsi því hér með yfir að ég geri ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á Kotabyggð 13 skv. ofansögðu og meðfylgjandi uppdrætti.

Dags. \_\_\_\_\_ 2016

---

Jón Jónsson